

Heimilisvernd 4

Staðlað upplýsingarblað um váttryggingu



SKILMÁLI E-34

Upplýsingaskjal þetta tilgreinir einungis helstu atriði tryggingarinnar, s.s. hvað er innifalið og hvað ekki. **Ekki** er um að ræða tæmandi upptalningu né persónulegt yfirlit yfir tryggingar sem viðskiptavinir velja. Upplýsingaskjalíð hefur ekki lagalega þýðingu og gegnir eingöngu þeim tilgangi að upplýsa viðskiptavinum um helstu þætti tryggingarinnar. Tryggingayfirlit og nákvæmar upplýsingar um samningsskilmála sem gilda eru aðgengilegar á **váttryggingarskirteini** tryggingarinnar sem hægt er að nálgast á *Mínum síðum Varðar*. **Skilmálar** tryggingarinnar hafa að geyma tæmandi upplýsingar um váttryggingarverndina og eru hluti af samningi aðila ásamt váttryggingarskirteini.

Hvernig trygging er Heimilisvernd 4?

Heimilisvernd 4 er víðtæk og alhliða vernd og inniheldur allar helstu tryggingar fyrir heimili og fjölskyldu. Hún bætir tjón á innbúi heimilis og öðrum persónulegum munum og slys á fjölskyldumeðlimum í frítíma, við heimilisstörf eða við nám. Heimilisverndin innifelur einnig ábyrgðartryggingu, sjúkrahúslegu tryggingu, umönnunartrygging barna og fyrir þá sem vilja; ferða- og forfallatryggingar.



Hvað bætir tryggingin?

Innbústrygging

- ✓ Tjón vegna eldsvoða eða sprengingar, svo og skyndilegs sótfalls frá kynditækjum. Skemmdir af völdum vatns, olíu eða annars vökva sem skyndilega og óvænt streymir úr leiðslum hússins þó ekki niðurföllum eða þakrennum.
- ✓ Tjón vegna yfirborðsvatns, vegna skyndilegs úrhellis eða asahláku.
- ✓ Tjón vegna innbrots í læst húsnæði eða bifreið. Ólæst húsnæði í ákveðnum tilfellum, sjá nánar skilmála.
- ✓ Tjón vegna töku muna með líkamlegu ofbeldi eða hótunum (rán).
- ✓ Skemmdarverk þ.e. skemmdir á tryggðum munum sem valdið er af ásetningi, þó ekki ef valdið af tryggðum sjálfum. Tjón af völdum óveðurs, skilyrði að vindhraði nái a.m.k. 28,5 m/sek.
- ✓ Tjón sem verður vegna ófyrirsjáanlegrar stöðvunar á kælikerfi ísskáps eða frystikistu enda leiði það til skemmda á matvælum.
- ✓ Tjón sem verður vegna skammhlaups í raftækjum.
- ✓ Skemmdir á hinu tryggða af völdum óveðurs, skilyrði að vindhraði nái a.m.k. 28,5 m/sek.
- ✓ Skaðabætur hafi tryggður bakað sér skaðabótaábyrgð og sá sem verður fyrir tjóni ekki meðsekur eða meðábyrgur.
- ✓ Kostnað sem tryggður verður fyrir ef skaðabótakrafa er gerð á hendur honum.
- ✓ Bætir tjón sem barn tryggðs, yngra en 10 ára veldur, án tillits til skaðabótaskyldu.

Innbúskaskó

- ✓ Tjón af völdum skyndilegra og ófyrirsjáanlegra atburða, sem ekki eru bótaskyld skv. hefðbundinni innbústryggingu.



Hvað bætir tryggingin ekki?

Innbústrygging

- ✗ Tjón á dýrum.
- ✗ Tjón á vélknúnum ökutækjum, hjólhýsum og tjaldvögnum.
- ✗ Tjón á vörum sem ætlaðar eru til sölu.
- ✗ Tjón vegna vinnu með sprengiefni við verklegar framkvæmdir.
- ✗ Tjón vegna utanaðkomandi vatns, s.s. grunnvatns, úrkomu, flóða eða vatns frá þakrennum.
- ✗ Tjón á innbúi vegna búferlaflutninga.
- ✗ Tjón sem tryggðir valda hverjir öðrum.
- ✗ Tjón á munum sem tryggður hefur að láni, til leigu eða geymslu
- ✗ Tjón sem verður vegna atvinnu, hvort sem um er að ræða eigin atvinnurekstur eða atvinnu í þjónustu annarra.

Innbúskaskó

- ✗ Hlut sem týnist, gleymist eða er skilinn eftir á almannafæri.
- ✗ Tjón af völdum eðlilegs slits, ófullnægjandi viðhalds eða framleiðslugalla.
- ✗ Tjón af völdum heimilisdýra.

Ábyrgðartrygging

- ✗ Tjón sem tryggðir valda hverjir öðrum.
- ✗ Tjón á munum sem tryggður hefur að láni, til leigu eða geymslu.
- ✗ Tjón sem verður vegna atvinnu, hvort sem um er að ræða eigin atvinnurekstur eða atvinnu í þjónustu annarra.

Slysatrygging í frítíma

- ✗ Slys sem verða við vinnu eða til og frá vinnu.
- ✗ Slys sem verða í akstursíþróttum.

Ábyrgðartrygging einstaklings

- ✓ Skaðabætur hafi tryggður bakað sér skaðabótaábyrgð og sá sem verður fyrir tjóni ekki meðsekur eða meðábyrgur.
- ✓ Kostnað sem tryggður verður fyrir ef skaðabótakrafa er gerð á hendur honum.
- ✓ Bætur tjón sem barn tryggðs, yngra en 10 ára veldur, án tillits til skaðabótaskyldu.

Slysatrygging í frítíma

- ✓ Innlendan sjúkrakostnað vegna slyss sem tryggður verður fyrir í frítíma.
- ✓ Tannbrot vegna slyss.
- ✓ Óvinnufærni sem er 50% eða meiri vegna slyss.
- ✓ Varanlega læknisfræðilega örorku.
- ✓ Dánarbætur vegna slyss.
- ✓ Kostnað vegna læknisvottorða og örorkumats.

Umönnunartrygging barna

- ✓ Ef sjúkdómur eða slys hefur í för með sér að barn tryggingartaka, yngra en 18 ára, þarf að læknisráði að dveljast á sjúkrahúsi í 5 samfellda daga eða lengur. Bætur eru greiddar einum forráðamanni barns.

Sjúkrahúslegutrygging

- ✓ Þegar tryggður þarf að dveljast skv. læknisráði lengur en 5 sólarhringa samfellt á sjúkrahúsi vegna sjúkdóms, veikinda eða slyss.

Réttaraðstoðartrygging

- ✓ Ágreining sem snertir tryggðan sem einstakling og kemur til úrlausnar dómstóla og er til lykta leitt með dómi, úrskurði eða dómsátt.
- ✓ Kostnað sem hlýst af endurupptöku mála.

Forfalltrygging (valkvæð)

- ✓ Ferðakostnað allt að tryggingarfjárhæð, sem greiddur er fyrirfram eða samið um greiðslu á og ekki fæst endurgreiddur.
- ✓ Tjón ef tryggður eða nákomnir s.s. maki, barn eða foreldrar, verða fyrir alvarlegu slysi, skyndilegum veikindum, líkamsmeiðslum eða öðrum sambærilegum atburðum sem staðfestir eru af lækni með læknisvottorði um að viðkomandi sé ekki ferðafær.

Ferðasjúkrakostnað (valkvæð)

- ✓ Óhjákvæmilegan kostnað sem hlýst af því að tryggður slasast, veikist eða deyr á ferðalagi erlendis s.s. sjúkrahúskostnað eða viðbótarkostnað vegna veikinda s.s. hótelkostnað.
- ✓ Heimferðarkostnað, s.s. sjúkraflutningakostnað að læknisráði, breytingar á flugi og/eða sjúkraflug.
- ✓ Flutning á látnum einstakling.
- ✓ Viðbótarkostnað vegna heimferðar til Íslands vegna alvarlegra veikinda eða andláts nánustu ættingja.

- ✗ Slys í áhættuþróttum, svo sem teygjustökki, bjargsigi, kletta,- fjalla,- og isklifri.
- ✗ Slys sem verða við fjallgöngu af hvaða tegund sem er ef hæð er meiri en 4.000 metrar frá sjávarmáli.
- ✗ Slys sem verða á 18 ára og eldri í hnefaleikum, bardaga- glímu eða sjálfsvarnaríþróttum.
- ✗ Slys sem verða á 18 ára og eldri við keppni eða æfingar fyrir keppni til undirbúnings í íþróttum innan sérsambanda ÍSí og skráðum félögum.
- ✗ Slys sem verða vegna neyslu áfengis, fíkniefna eða annarra nautnalyfja.
- ✗ Brjós-klos, þursabit, liðagigt, slitgigt eða aðra gigtarsjúkdóma.

Umönnunartrygging barna

- ✗ Sjúkdóma sem voru fyrir hendi við fæðingu barns eða greinast innan 90 daga frá fæðingu.
- ✗ Sjúkdóma sem voru til staðar þegar tryggingin var tekin.
- ✗ Slys sem áttu sér stað áður en tryggingin var tekin.

Sjúkrahúslegutrygging

- ✗ Sjúkrahúslegu vegna sjúkdóma sem hafa sýnt einkenni áður en tryggingin var tekin.
- ✗ Sjúkrahúslegu vegna sjúkdóma sem síðar koma í ljós að hafi verið til staðar við fæðingu.
- ✗ Slys sem átti sér stað áður en tryggingin var tekin.
- ✗ Innlagnar á sjúkrahús sem hefst innan 90 daga eftir að tryggingin var tekin

Réttaraðstoðartrygging

- ✗ Mál sem varða hjónaskilnað eða sambúðarslit.
- ✗ Mál sem varða forræði barna eða umgengnisrétt.
- ✗ Mál sem eru í tengslum við atvinnu eða embætti tryggðs.
- ✗ Mál sem varðar fjárhagslegar ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða óvenju umfangsmiklar fyrir einstakling.
- ✗ Mál sem tryggður gengur í ábyrgð fyrir annan.

Forfallatrygging (valkvæð)

- ✗ Forföll vegna hvers kyns veikinda eða sjúkdóma sem voru til staðar áður en tryggingin var tekin eða þegar staðfestingargjald var greitt.
- ✗ Forföll sem verða vegna sjúkdóma sem verða eftir 36. viku meðgöngu.
- ✗ Forföll eða kostnað vegna kynsjúkdóma.
- ✗ Forföll vegna meiðsla sem menn valda sér sjálfir eða tjón sem tryggður hefur sjálfur

Ferðasjúkra- og ferðarofstrygging (valkvæð)

- ✗ Sjúkrakostnað sem verður á 36 viku meðgöngutíma, fæðingar eða fóstureyðingar.
- ✗ Sjúkrakostnað vegna áframhaldandi lækni meðferðar.
- ✗ Lyfjakostnað vegna lyfja sem tryggður notar reglulega áður en ferð hófst.

Farangurtrygging erlendis (valkvæð)

- ✓ Tjón á farangri af völdum bruna, ráns, flutningaslyss svo og ef farangur týnist í flutningi.

Farangurstafatrygging (valkvæð)

- ✓ Tjón vegna tafa á afhendingu farangurs í áætlunar- eða leiguflugi í ferð sem varir allt að 92 samfellda daga.
- ✓ Tjón vegna kaupa á nauðsynjum fyrir hvern tryggðan 18 ára og eldri ef þeir fá ekki afhentan farangurinn innan 8 klst.
- ✓ Tjón vegna kaupa á nauðsynjum fyrir börn tryggingartaka yngri en 18 ára ef þau eru á ferðalagi með tryggingartaka.

Farangurstrygging erlendis (valkvæð)

- ✗ Peninga, farmiða, ferðatékka, skjöl, skuldabréf né önnur verðbréf.
- ✗ Brothætta hluti.
- ✗ Skemmdir sem hljótast af mölflögum, meindýrum, ástandi andrúmslofts, veðráttu eða eðlilegu sliti.
- ✗ Skemmdir vegna vökva, matvæla eða annarra smitandi efna.

Farangurtafatrygging (valkvæð)

- ✗ Verði tafir á farangri á heimleið til Íslands.



Eru einhverjar takmarkanir eða varúðarreglur?

- ! Tryggðum ber að fylgja varúðarreglum Varðar.
- ! Helstu takmarkanir og varúðarreglur í innbústryggingu.
- ! Vátryggður ber að sjá til þess í úpphrituðum húsum að lokað sé fyrir vatnsstreymi og vatnslagnir og viðfest tæki séu tæmd af vatni þegar hætta er á frosti.
- ! Vátryggðum er skylt, að svo miklu leyti sem það er á hans valdi, að hafa niðurföll í lagi með því að hreinsa úr þeim aur eða klaka.
- ! Læsa ber tryggilega íbúðarhúsnæði, bílum og öðrum stöðum sem vátryggingin nær til. Einnig skal loka gluggum og krækja aftur og ganga þannig frá að óviðkomandi eigi ekki greiðan aðgang að verðmætum.
- ! Vátryggður skal sjá til þess að notkun á rafmagnstækja sé í samræmi við notkunarleiðbeiningar
- ! Fleiri varúðarreglur má finna í skilmála tryggingarinnar.



Hvar gildir tryggingin?

Mismunandi eftir því hvaða þáttur tryggingarinnar er undir. Almennt gildir vátryggingin á Íslandi og á ferðalögum erlendis eftir því sem við á, í allt að 92 daga frá brottfarardegi frá Íslandi.

Slysatryggingin í frítíma gildir hvar sem er í heiminum og gildir einnig fyrir námsmenn erlendis í allt að 9 mánuði frá brottfarardegi frá Íslandi. Nánari upplýsingar um gildissvið má finna í skilmála tryggingarinnar.



Hverjar eru skyldur þess tryggða?

- Veita allar nauðsynlegar upplýsingar, hvort sem er við endurnýjun eða breytingar á tryggingunni eða við tjónstilkynningu.
- Tilkynna um tjón við fyrsta hentugleika og eigi síðar en innan árs frá tjónsatburði.



Hvenær og hvernig er greitt fyrir trygginguna?

Iðgjöld tryggingarinnar ber að greiða á gjaldddaga. Við endurnýjun hækkar ársiðgjaldið í samræmi við breytingu á visitölu frá grunnvisitölu samnings. Vörður sendir kröfur mánaðarlega í heimabanka eða árlega ef óskað er eftir því að greiða iðgjöld í einu lagi. Hægt er að breyta greiðslumáta á Mínum síðum Varðar. Þar er einnig hægt að velja að greiða iðgjöld með kreditkorti.



Hvenær hefst vátryggingaverndin og hvenær lýkur henni?

Tryggingarsamningar gilda almennt í 12 mánuði frá samþykkt tilboðs og útgáfu tryggingar og miðast iðgjöld við ársiðgjald. Sé tryggingu ekki sagt upp á því tímabili framlengist hún sjálfkrafa.



Hvernig er tryggingunni sagt upp?

Hægt er að segja tryggingunni upp hvenær sem er á tryggingartímabilinu.